

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Borgarfjarðarhreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur hreppsnefnd Borgarfjarðarhrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir iðnaðarsvæði í landi Geitlands á Borgarfirði eystra.

Deiliskipulagssvæðið er um 2,8 ha að stærð og er í einkaeigu. Um er að ræða iðnaðarsvæði BII í landi Geitlands fyrir vatnsátöppunarverksmiðju og tengda starfsemi. Gert er ráð fyrir vatnsöflun í landi Bakka.

Áætlanir gera ráð fyrir framkvæmdum við byggingu verksmiðju, vatnstöku og boranir fyrir vatni þar sem vinnsla grunnvatns verður um 2 l/sek. Vatnsupptaka verður utan deiliskipulagsreits en borhola er í landi Bakka á vatnsverndarsvæði VS6 sem er í eigu Borgarfjarðarhrepps.

Samþykkt í hreppsnefnd 1. júlí 2019.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seyðisfirði, 8. júní 2020.

Sigurður Jónsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 24. júní 2020